

Uppgjör í erlendum gjaldmiðli

- Eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar

Hádegisfyrirlestur hjá FLE
2. apríl 2008




VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

Af hverju sækjast fyrirtæki í
auknum mæli eftir því að gera
upp í erlendum gjaldmiðli?




VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

Alþjóðavæðing íslenska hagkerfisins hefur verið hröð



VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

...og umfangsmikil




Uppsöfnuð bein erlend fjárfesting Íslendinga erlendis



VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

En íslenska krónan er lítil



VÍSÍFTARÁÐ ÍSLANDS

...og sveiflukennd



VÍSÍFTARÁÐ ÍSLANDS

Nefnd fjármálaráðherra (2000)

- Ýmis rök fyrir því að veita heimild til færslu bókhalds og gerð ársreikninga í erlendum gjaldmiðli:
 - Fjárhagslegur samanburður við erlenda samkeppnisaðila verður auðveldari
 - Sveiflur í afkomu vegna gengisbreytinga verða minni.
 - Aðgengi erlendra fjárfesta og lánastofnana að viðurkenndum upplýsingum batnar til muna
 - Auðveldara verður fyrir erlendar fyrirtækjasamstæður að stofna og reka dótturfélög á Íslandi
 - Auðveldara verður fyrir íslensk móðurfélög að stofna og reka dótturfélög erlendis



VÍSSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Aðrir kostir

- Ýmsir fleiri kostir fyrir íslensk fjármálafyrirtæki með umsvifamikla alþjóðlega starfsemi
 - Minni sveiflur í eiginfjárhlutföllum
 - Minni gjaldeyrisjöfnuður lækkar áhættuvegnar eignir
 - Vaxtamunur hefur hingað til verið með krónu og þ.a.l. kostnaðarsamt að halda stórum jákvæðum gjaldeyrisjöfnuði í erlendri mynt
- Uppgjör í erlendri mynt er forsenda þess að hægt sé að skrá hlutabréf í erlendri mynt



VÍSSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Kostir þess að skrá hlutabréf í erlendum gjaldmiðli

- Auðveldara fyrir íslensk félög að afla fjár (bæði lánsfé og eigið fé) og líklega á betri kjörum
- Auðveldara fyrir erlenda aðila að meta íslensk félög
- Auðveldara er að laða að fjárfestingu erlendra aðila
- Líkur aukast á að alþjóðleg félög, sem vinna á grundvelli evrunnar stofni hér dótturfyrirtæki, þar sem þeim væri ekki gert að breyta um gjaldmiðil
- Fjárfesting íslenskra félaga erlendis yrði greiðari
- Og margt fleira



VÍSSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Hver er staðan núna?

- Samkvæmt 8. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 er það ársreikningaskrá sem veitir heimild til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í þeim erlenda gjaldmiðli sem telst vera starfrækslugjaldmiðill viðkomandi félags. Til að geta sótt um slíka heimild þarf að uppfylla eitt eða fleiri skilyrði sem talin eru upp í fjórum tölulíðum í 8. gr. fyrrgreindra laga.



VÍSSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

IFRS

- Samkvæmt 88. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skulu ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IFRS), hafa lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum, þar sem bókunin er lögfest. VIII. kafli (88. –95. gr.) laganna, sem tók gildi frá og með ársbyjun 2005, fjallar nánar um gildissvið kaflans og skyldur og heimildir félaga til að beita IFRS.
- Ákvæði IFRS virðast ganga framar ákvæðum 8. gr. laga nr. 3/2006 fyrir félög sem skyld eru til að beita stöðlunum eða hafa nýtt sér heimild til þess. Þetta á m.a. við um öll félög sem fengið hafa hlutabréf eða skuldabréf sín skráð í Kauphöll Íslands hf.



VÍSSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Ber skráðum félögum að sækja heimild til ársreikningaskrár?

- Ef IFRS staðlarnir kveða á um að félögum beri að nota annan starfrækslugjaldmiðil en krónu í uppgjörum sínum ber þeim að hlýta því, enda eru ákvæði staðlanna ekki valkvæð.
- Þrátt fyrir þetta ber þeim skylda til að sækja um heimild hjá ársreikningaskrá ætli þau sér að gera upp í erlendum gjaldmiðli. Ákvæði laganna ganga því í berhöggi við hvort annað.
- Með þetta í huga má draga í efa hvort skráðum félögum beri skylda til að sækja um heimild ársreikningaskrár til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli. Réttaróvissa sem þessi er bagaleg fyrir íslensk fyrirtæki og hefur neikvæð áhrif á alþjóðlega samkeppnishæfni þeirra og trúverðuleika íslenska markaðarins.



VÍSSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Einföld lausn

- Viðskiptaráð leggur því til að löggjafinn breyti áður nefndri 8. gr. ársreikningalaga þannig að fyrirtæki, sem er skylt/heimilt að fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum skv. VIII. kafla laganna, geti gert svo án fyrirfram gefnar heimildar ársreikningaskrár.



VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

Fjármálafyrirtæki sér á báti

- Samkvæmt reglugerð nr. 101/2007 skal ársreikningaskrá leita umsagnar Seðlabankans um umsókn lánastofnunar um heimild til færslu bókhalds og samningar ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.
- Líklega gert til að lagt sé mat á áhrif slíkrar breytingar á starfsemi Seðlabanka Íslands og miðlun peningastefnu hans
- Bankinn hefur þegar gefið eina umsögn, þ.e. vegna umsóknar Kaupþings banka hf. um heimild til að færa bókhald sitt og semja ársreikning og samstæðureikning í evrum.



VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

Afstaða Seðlabankans er skýr

- Í umsögninni segir:

“Seðlabankinn er mótfallinn því að innlend fjármálafyrirtæki taki alfarið upp erlendan gjaldmiðil í reikningshaldi sínu. Stefni fjármálafyrirtæki jafnframt að því að ákveða hlutfé sitt í erlendum gjaldmiðli og draga úr viðskiptum sínum með innlendan gjaldmiðil telur Seðlabankinn fulla ástæðu til að staldra við og gaumgæfa afleiðingar þessa fyrir peningakerfi þjóðarinnar.”

og

“Ekki er vitað til þess að í nálægum löndum geri helstu fjármálafyrirtæki upp reikninga sína og skrái hlutfé í öðrum gjaldmiðli en mynt þess lands þar sem þau hafa höfuðstöðvar sínar. Íslenska krónan er gjaldmiðill þjóðarinnar og lögeyrir og stefna stjórnvalda er að svo skuli vera.”

- Af þessu er ljóst að Seðlabankinn vill hvorki að íslensk fjármálafyrirtæki færi uppgjör sín né skrái hlutabréf sín erlendum gjaldmiðli.



VFSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

...en ástæðurnar ekki

- Afstaða Seðlabankans, eins og hún birtist í umsögninni, virðist fremur byggja á andstöðu gagnvart frekari alþjóðavæðingu og afnámi hafta á íslensku viðskiptalífi en neikvæðum áhrifum af uppgjöri fjármálafyrirtækja á peningastefnu bankans.
- Þrátt fyrir að slík umsögn sé ekki bindandi fyrir ársreikningaskrá er augljóst að neikvæð umsögn hefur afgerandi áhrif á ákvörðun hennar.
- Það er sérkennilegt að viðmót Seðlabanka Íslands gagnvart skráningu í erlendri mynt skuli vera eins neikvætt og raun ber vitni. Niðurstaða viðauka sem SÍ birti í Peningamálum 1/2007 er á þá leið að ekki virðist líklegt að ákvörðun fjármálafyrirtækja að færa uppgjör sitt í erlendum gjaldmiðli ein og sér dragi úr virkni peningastefnunnar.



VFSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Afstaða Seðlabankans er óheppileg

- Í ljósi afstöðu Seðlabankans gagnvart uppgjöri fjármálafyrirtækja í erlendum gjaldmiðli dregur Viðskiptaráð í efa skynsemi þess fyrirkomulags að veita bankanum áður nefndan umsagnarrétt.
- Það ætti að vera meginregla að einungis sé leitað eftir umsögnum opinberra stofnanna þegar sá gjörningur sem fylgir heimildinni hefur áhrif á starfsemi umræddrar stofnunar, lögbundið hlutverk hennar eða ábyrgð.
- Þetta á vissulega við í þessu tilfalli en umsagnarferlið ætti ekki að fela í sér skoðanaskipti um almennt ágæti gjörningsins eða önnur atriði sem ekki varða viðkomandi stofnun, heldur ætti einungis að vera í því fólgið ítarlega rökstutt álit um framangreind áhrif.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS


Áhrif á peningamálastefnuna

- Undanfarin ár hefur alþjóðavæðing íslenskra banka gert þeim kleyft að sniðganga aðhald peningastefnu Seðlabanka Íslands
- Stærsti áhrifapátturinn í því samhengi hefur verið samband eiginfjárlutfalls bankanna og gengis krónunnar
- Þetta hefur breyst á síðustu tveimur árum þar sem bankarnir stærstu bankarnir þrír hafa byggt upp stóran jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Samanlagður gjaldeyrisjöfnuður bankanna



VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

Hvað gerist ef bankarnir fá að gera upp í erlendum gjaldmiðli?

- Með því að mæla og færa bókfært eigið fé í viðeigandi erlendri mynt virðist vera auðveldara fyrir íslensku bankana að stýra óæskilegum áhrifum gengissveiflna á rekstrarafkomu og eiginfjárlutfall þar sem meirihluti efnahagsreiknings/starfseminnar er í öðrum myntum en íslensku krónunni.
- Bankarnir hafa þegar byggt um meira en nægan gjaldeyrisjöfnuð til að þessi umbreyting gæti átt sér stað án kaupa á erlendum gjaldeyri
- Eiginfjárlutfall bankanna myndu hækka við þá aðgerð að öllu öðru óbreyttu vegna þess að sú mikla gjaldeyrisstaða sem bankarnir þurfa að halda í dag hækkar áhættugrunn sem eiginfjárlutföll reiknast út frá.



VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

Áhrif skráningar hlutabréfa í erlendan gjaldmiðil á peningastefnu SÍ

- Við núverandi aðstæður dregur samspil gengis og hlutabréfaverðs úr virkni peningastefnunnar
 - Vextir hækka
 - Krónan styrkist
 - Hlutabréfaverð hækkar
 - Auður og eftirspurn vex
- Getur vegið upp á móti auðsáhrifum af erlendum lánum, bæði við gengisveikingu og gengisstyrkingu
- Kostir ótvíræðir fyrir fyrirtæki og fjárfesta



VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

Samantekt

- Vegna aukinnar alþjóðavæðingar íslenskra fyrirtækja hefur krónan reynst fjötur um fót þeirra
- Mikilvægt til að stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni þeirra að þeim sé gert kleyft að gera upp og skrá hlutabréf sín í erlendum gjaldmiðli
- Fjármálafyrirtæki eiga ekki að vera undanskilin í því samhengi enda ekki að sjá að slíkur gjörningur myndi hafa neikvæð áhrif á peningastefnu Seðlabanka Íslands



VÍS KIPTARÁÐ ÍSLANDS

Að lokum er gott að vitna í orð Seðlabanka Íslands

- Aukna notkun erlendra gjaldmiðla í íslensku efnahagslífi má líta á sem eðlilega afleiðingu alþjóðavæðingar og afnáms hafta á íslensku athafnalífi og fjármálakerfi. Hún er hins vegar ekki síður afleiðing ofpenslu og óstöðugleika sem ríkt hefur undanfarin ár og endurspeglast í mikilli verðbólgu, háum vöxtum og sveifl um í gengi krónunnar.
- Að hindra þessa þróun með boðum og bönnum er ekki líklegt til að skila árangri. Efnahagslegur kostnaður hafta á fjármagnshreyfingum er að líkindum meiri en ábatinn. Skynsamlegasta leiðin til að stuðla að því að krónan verði áfram nothæfur gjaldmiðill á íslenskum fjármálamarkaði er að haga innlendri hagstjórn þannig að dragi úr hvata til að nota erlenda gjaldmiðla. Það verður best gert með því að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Takist stjórnvöldum að tryggja að umsvif í þjóðarbúskapnum séu í samræmi við framleiðslugetu verður verðlag stöðugra og krónan betri miðill í viðskiptum, og sem reikningseining og viðmiðun í samningum.

Peningamál I, mars 2007



VFSKIPTARÁÐ ÍSLANDS